

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun á aðhlyningu og virkniþjálfun við sjúklinga með heilabilun.

Á fundi velferðarráðs þann 12. desember 2018 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

„Flokkur fólksins leggur til að velferðarsvið endurskoði með það að markmiði að bæta og dýpka virkniþjálfun fyrir heilabilunarsjúklinga á hjúkrunarheimilum borgarinnar. Fólki sem glímir við heilabilun hrakar oft hratt og þá sérstaklega ef það fær ekki viðeigandi þjálfun. Fyrir þennan hóp hafa rannsóknir sýnt að með því að virkja fólk er hægt að hægja á sjúkdómnum t.d. með ríkulegum samskiptum við það í orði og verki, með því að umönnun verði persónuleg og einstaklingsbundin og með því að virkniþjálfun, hvatning og örvun sé með fullnægjandi hætti.“

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Velferðarsvið tekur undir mikilvægi þýðingar virkniþjálfunar fyrir fólk með heilabilun. Slík þjónusta getur skipt sköpum varðandi lífsgæði fólks með heilabilun og aðstandendur þeirra. Hjúkrunarheimili eru skilgreind í 14. grein í laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eru fyrir þann hóp aldraðra einstaklinga, sem geta ekki búið lengur á heimili sínu af heilsufarslegum ástæðum. Heilbrigðisráðuneytið annast stefnumótun og áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild og hefur eftirlit með framkvæmd laga um málefni aldraðra og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Í lögum um málefni aldraðra eru stofnanir fyrir aldraða, t.d hjúkrunarheimili skilgreindar, aðstöðu lýst og grein gerð fyrir þjónustunni sem þar skal veitt. Á hjúkrunarheimilum er veitt hjúkrunarþjónusta og læknishjálp og þar er einnig aðstaða fyrir endurhæfingu og sérstök aðstaða fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Samkvæmt rammasamningi við Sjúkratryggingar Íslands frá september 2016 rekur velferðarsvið hjúkrunarheimilið Droplaugastaði og 20 hjúkrunarrými í Seljahlíð. Kröfulýsing, sem tilgreinir þjónustustig starfseminnar, fylgir þeim rammasamningi.

Það er því ekki á forræði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að gera breytingar á þjónustunni, svo sem að auka virkniþjálfun en velferðarráð getur að sjálfsögðu hvatt

til þess að horft verði á mikilvægi virkniþjálfunar fyrir þennan hóp eldri borgara sem dvelur á hjúkrunarheimilum.